

Yfirlýsing um samþykki síðari veðhafa

vegna skilmálabreytinga fasteignaveðlana á grundvelli samkomulags viðskiptaráðuneytisins (VRN), Samtaka fjármálafyrirtækja (SFF) f.h. aðildarfélaga sinna og skilaneftnar SPRON f.h. SPRON um greiðslujöfnun gengistryggðra fasteignaveðlana.

Með staðfestingu yfirlýsingar þessarar samþykkja undirritaðir, sem síðari veðhafar eða fyrir hönd síðari veðhafa samkvæmt umboði, skilmálabreytingar vegna lána sem framar eru í veðröð og varða breytingar á skilmálum veðskuldabréfs vegna greiðslujöfnunar, sbr. samkomulag viðskiptaráðuneytisins, SFF f.h. aðildarfélaga sinna og skilaneftnar SPRON f.h. SPRON um greiðslujöfnun gengistryggðra fasteignaveðlana.

Aðilar að yfirlýsingunni eru SFF, Landsamtök lífeyrissjóða, skilaneftnd SPRON, Íbúðalánasjóður og viðskiptaráðuneytið. Í viðauka við yfirlýsinguna eru taldir upp þeir lögaðilar sem veitt hafa Landssambandi lífeyrissjóða og Samtökum fjármálafyrirtækja umboð til að undirrita samkomulagið fyrir sína hönd. Skilaneftnd SPRON undirritar yfirlýsinguna f.h SPRON.

Takmarkanir samþykkis

Samþykkið takmarkast við skilmálabreytingar vegna gengistryggðra lána einstaklinga sem tryggð eru með veði í fasteignum hér á landi hjá fjármálafyrirtækjum sem hafa starfsleyfi á grundvelli laga um fjármálafyrirtæki hér á landi, óski lántakandi eftir greiðslujöfnun samkvæmt samkomulagi VRN, SFF og skilaneftnar SPRON.

Samþykki þetta nær nánar tiltekið eingöngu til skilmálabreytinga sem fela það í sér að greiðslubyrði af gengistryggðum lánum sé látin fylgja greiðslujöfnunarvítolu sem reiknuð er af Hagstofu Íslands í hverjum mánuði.

Samþykki samkvæmt þessari yfirlýsingu nær ekki til annarra skilmálabreytinga en að framan greinir.


Samþykki aðila er háð því skilyrði að lán sé í fullum skilum og eingöngu sé um að ræða skilmálabreytingu til greiðslujafnaðar samkvæmt samkomulagi VRN og SFF en ekki séu á sama tíma færð vanskil á höfuðstól lánsins.

Framkvæmd þinglýsingar

Samþykki aðila er háð því skilyrði, að vísað verði í ofangreint samkomulag VRN, SFF og skilaneftnar SPRON í skilmálabreytingu og jafnframt tekið fram að efni hennar samrýmist samkomulagi VRN, SFF og skilaneftnar SPRON og sé ekki víðtækara en samkomulagið tilgreinir. Verði samkomulagi VRN, SFF og skilaneftnar SPRON breytt síðar nær samkomulagið ekki til þeirra breytinga.

Gildistími

Samkomulag þetta er bindandi frá gildistöku samkomulags VRN, SFF og skilaneftnar SPRON og til loka árs 2012 fyrir alla þá sem það undirrita nú eða síðar. Undirritun síðar meir á aukaeintak samkomulagsins skal hafa sama gildi og undirritun á frumeintak og varðveisitast á sama hátt.



Varsla samkomulagsins

Samkomulag þetta skal gert í fjórriti og skal eitt eintak varðveitt af Samtökum fjármálfyrirtækja (SFF), Landssamtökum lífeyrissjóða, Íbúðaláanasjóði og viðskiptaráðuneytinu. Skulu aðilar samkomulagsins eiga þess kost að fá staðfest afrit frá varðveisluáðilum hvenær sem þess er óskað.


Fyrirvari um samþykki Samkeppniseftirlitsins.

Samningsaðilum er ljóst að í yfirlýsingu þessari felst samræming á viðskiptaskilmálum keppinauta sem farið getur gegn banni við samkeppnishamlandi samstarfi skv. 10. gr. samkeppnisлага nr. 44/2005 og munu óska eftir undanþágu Samkeppniseftirlitsins skv. 15. gr. sömu laga. Samstarf samningsaðila einskorðast við ákvæði yfirlýsingar þessarar.

Reykjavík, 20. apríl 2009

F.h. Samtaka fjármálfyrirtækja


Jóna Björk Guðnadóttir, hdl.

F.h. Landssamtaka lífeyrissjóða

Hrafn Magnússon, framkvæmdastjóri

F.h. Íbúðaláanasjóðs

Gunnhildur Gunnarsdóttir, sviðsstjóri lögfræðisviðs

F.h Skilanefndar SPRON

Hlynur Jónsson, formaður skilanefndar

**Viðauki við yfirlýsingu um samþykki síðari veðhafa
vegna skilmálabreytinga fasteignaveðlana á grundvelli samkomulags
viðskiptaráðuneytisins, Samtaka fjármálafyrirtækja f.h. aðildarfyrirtækja sinna
og skilanefndar SPRON f.h SPRON um greiðslujöfnun gengistryggðra
fasteignaveðlana.**

Eftirtaldir lögaðilar falla undir samkomulag Samtaka fjármálafyrirtækja (SFF), Landssambands lífeyrissjóða (LL), skilanefndar SPRON og Íbúðalánasjóðs, dags. 3. apríl 2009.

Eftirtalin aðildarfélög SFF falla undir samkomulagið:

- AFL-sparisjóður
- Byr sparisjóður
- Frjálsi fjárfestingarbíkinn
- Nb.is-sparisjóður hf.
- NBI hf.
- Íslandsbanki hf.
- Nýi Kaupþing banki hf.
- Sparisjóður Bolungarvíkur
- Sparisjóður Höfðhverfinga
- Sparisjóðurinn í Keflavík
- Sparisjóður Mýrasýslu
- Sparisjóður Norðfjarðar
- Sparisjóður Ólafsfjarðar
- Sparisjóður Skagafjarðar
- Sparisjóður Strandamanna
- Sparisjóður Suður-Þingeyinga
- Sparisjóður Svarfdæla
- Sparisjóður Vestmannaeyja
- Sparisjóður Þórshafnar og nágr.

Eftirtaldir lífeyrissjóðir sem eru aðilar að LL falla undir samkomulagið:

- Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins
- Lífeyrissjóður verzlunarmana
- Gildi lífeyrissjóður
- Sameinaði lífeyrissjóðurinn
- Almenni lífeyrissjóðurinn
- Stapi lífeyrissjóður
- Stafir lífeyrissjóður
- Frjálsi lífeyrissjóðurinn
- Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda
- Festa lífeyrissjóður
- Lífeyrissjóður starfsmanna Reykjavíkurborgar
- Lífeyrissjóður bankamanna
- Lífeyrissjóður verkfræðinga
- Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga
- Lífeyrissjóður Vestfirðinga
- Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga
- Lífeyrissjóður bænda
- Eftirlaunasjóður FÍA
- Kjölur lífeyrissjóður
- Lífeyrissjóður starfsmanna Akureyrarbæjar
- Lífeyrissjóður Rangæinga
- Lífeyrissjóður Tannlæknafélags Íslands
- Lífeyrissjóður starfsmanna Kópavogskaupstaðar
- Eftirlaunasjóður starfsmanna Hafnarfjarðarkaupstaðar
- Lífeyrissjóður Akraneskaupstaðar
- Eftirlaunasjóður Sláturfélags Suðurlands
- Lífeyrissjóður starfsmanna Húsavíkurkaupstaðar
- Lífeyrissjóður Neskaupstaðar